

Þátttakandi í ævintýrinu á Austurlandi

svipmynd

Líflæg: Erna segir að það hafi verið tímabært að fara úr fréttamenskunni og takast á við ný viðfangsefni.



SVIPMYND Erna Indriðadóttir ætlar sér yfirleitt ekkert minna en upp á tindinn, hvort sem er í fjallgöngum eða í starfi sínu fyrir Alcoa Fjarðaál. **Steinunn Ásmundsdóttir** bregður upp svipmynd af Emu, sem núna lætur fara vel um sig í Lundúnaborg.

Ég fæddist á Akureyri fyrir hálfri öld, en flutti fljótlega til Reykjavíkur með móður minni og ólst upp þar" segir Erna, um leið og hún leggur síðustu hönd á undirbúning fyrir síðbúið sumarleyfi. Hún segist eins og lög gera ráð fyrir hafa gengið í barnaskóla og minnst hins frábæra kennara Jóns Freys Þórarinssonar, sem leitt hafi litlu kiðin fyrstu skrefin á menntabrautinni. "Ég úrskrafaðist sem stúdent úr Menntaskólanum í Hamrahlíð og fór til náms í Svíþjóð sem á þeim tíma var paradís fyrir námsmenn. Um það bil sem náminu lauk var ég ákveðin í að verða blaðamaður og fyrsta starfið mitt í blaðamennsku var á Alþýðublaðinu, sællar minningar. Þegar ég fór á dagskrárgerðarnámskeið í útvarpinu skömmu síðar voru örlög mín ráðin og mér fannst ljósvakamiðlarnir ákaflega spennandi."

Erna starfaði lengi á Ríkisútvarpinu sem fréttamaður og hún segir það hafa verið frábæran tíma. Eftir áratuga starf í fréttamennsku þótti henni þó tímabært að breyta til og fór í mastersnám til Bandaríkjanna í grein sem kallast Public Affairs. "Þar var m.a. kennd stjórnun félagasamtaka og sjálfseignarstofnana og þarna fékk ég mikinn áhuga á slíkum rekstri og áherslum bandarískra fyrirtækja á stuðningi við samfélagið. Þar eru mörg fyrirtæki með sjóði sem þau veita úr til alls kyns málaflokka sem tengjast góðgerðarstarfsemi, menningu og heilbrigðisþjónustu. Þegar þetta var, voru íslensk fyrirtæki ekki mikið að sinna slíkum málum þótt það hafi gerbreyst á síðustu árum."

Forréttindi að taka þátt í uppbyggingunni.

"Það var mikil breyting að fara úr fréttamannsstarfinu yfir í að vinna í samfélags og upplýsingamálum fyrir Alcoa Fjarðaál, en það má segja að veran eystra og vinnan fyrir þetta stóra alþjóðlega fyrirtæki hafi verið ævintýri líkust" heldur Erna áfram. "Það er líka ótrúlegt að sjá hvað það er mikið um að vera á Austurlandi og hvað bjartsýnin er mikil og sérstök forréttindi að fá að taka þátt í þeirri uppbyggingu." Erna segir markmið fyrirtækisins að vera til fyrirmyndar á öllum sviðum. Nú sé verið að ráða starfsfólk til álversins á Reyðarfirði, umsóknir séu 1700 og búið að ráða um helming mannaflans, þar af 28% konur. "Við erum nútímafyrirtæki og því eðlilegt að við höfum þá stefnu að helmingur starfsfólksins sé konur. Af því að við erum að byggja upp

höfum við núna tækifæri til að fjölga konunum og að því er unnið markvisst. Fjöldi fólks vill taka þátt í ævintýrinu á Austfjörðum og vera með okkur í að byggja upp þetta fyrirtæki."

Erna segist alltaf hafa haft of mörg áhugamál fyrir utan vinnuna. Þjóðmál og efnahagsmál hafi m.a. heillað og hún viti fátt skemmtilegra en að ganga á fjöll, nema ef vera skyldi að eyða tíma með barnabörnunum Evu og Pétri Goða. "Þau eru yndisleg og miklir gleðigjafar. Mér tókst þrátt fyrir miklar annir að ganga á Snæfellið í sumar og nýlega talaði ég fyrir hönd aðstandenda á ráðstefnu um geðheilbrigðismál. Það verður þó að segjast eins og er að frístundirnar hafa verið fáar hjá mér að undanfögnu og áform mín um að ganga í kirkjukórinn á Reyðarfirði fóru út um þúfur vegna mikilla ferðalaga innanlands og utan. Núna er ég hins vegar á leið í frí til London, með móður minni, systur og dóttur í sannkallaða mæðra- og dætraferð sem ég er búin að hlakka mikið til." Erna segist sjá fyrir sér að þegar hún verði eldri muni hún setjast að í ró og næði og skrifa bækur, en harðneitar að gefa upp um hverskonar bókmenntir um gæti væri að ræða. Sagt er að Erna sé mikill orkubolti, ósérhlífin og fjarri því að vera sporgöngumaður. Samferðarmenn hennar segja einnig að henni takist það sem hún ætli sér og drjúgur fengur sé að þessari knáu konu fyrir Alcoa Fjarðaál.